

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

1. gr.

Ákvæði 4. gr., ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

2. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. mgr. 5. gr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.

- a. Orðin „í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo:
Umhverfis- og orkustofnun skal afla upplýsinga um álag á vötn sem gert er ráð fyrir í skipulagsáætlunum og líklegt er að valdi breytingum á ástandi vatna.

4. gr.

Orðin „heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og aðra“ í 1. mgr. 9. gr. falla brott.

5. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 29. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026